

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um breyting á hreppamörkum milli Akraneshreppa.

86
17. okt.

Ráðuneytið hefir mótttekið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 20. maí þ. á., um breyting á hreppamörkum milli Ytri-Akraneshrepps og Innri-Akraneshrepps. Út af þessu skal hérmeð tekið fram, að þar sem hreppsnefndir téðra hreppa hafa komið sér saman um neðanskraða breytingu á hreppamörkunum, með nánar tilteknum skilyrðum, og sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir mælt með breytingunni, vill ráðuneytið hérmeð, samkvæmt heimild í 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12/1927, skipa fyrir um hreppamörkin, sem hér segir:

- a. Að sunnanverðu frá Krosslandi ráði sýsluvegurinn í Innri-Akraneshreppi, eins og hann liggur nú, vestur að ræktunarlandi Odds Sveinssonar á Akri (nr. 48). Þaðan ráði skurður sá, sem liggur á milli ræktunarlanda þeirra Odds Sveinssonar og Ellerts Jónssonar í sjó fram.

Að vestan og norðanverðu ráði hin eldri hreppamörk, er liggja á milli Presthúsa og Kalmansvíkur, niður frá sjó og upp að sýsluvegi (Borgarfjarðarvegi). Þaðan ráði nefndur sýsluvegur inn að landamerkjum Elínarhöfða; þá ráði landamerki jarðarinnar Garða annarsvegar og Elínarhöfða, Bakkabæjar, Miðvogs og Innstavogs hinsvegar inn að Berjadalsá.

Að austan og sunnanverðu ráði hin gildandi landamerki jarðarinnar Garða annarsvegar og Ytrahólms, Kross og Akrakots hinsvegar frá Berjadalsá niður að fyrst nefndum sýsluvegi í Innri-Akraneshreppi.

- b. Fjárhæð þá, sem Ytri-Akraneshreppur greiði Innri-Akraneshreppi í bætur fyrir landmissirinn, skal ákveða með gerðardómi þriggja manna, er sé þannig skipaður: Hvor hreppsnefndin fyrir sig tilnefni einn mann í dóminn en oddamaður skal tilnefndur af hæstarétti.